Íslandsferð

Með kafla um Öskju



E. Delmar Morgan

Hildur 1988

SJÖUNDI KAFLI

FERÐ TIL ÖSKJU, EFTIR E. DELMAR MORGAN, FÉLAGA Í KONUNGLEGA BRESKA LANDFRÆÐIFÉLAGINU

Undirbúningur að Öskjuferð - Jón í Víðikeri; bærinn hans; konan hans - Íslensk ljóðlist - Hvíldardagur - Gestur - Dyngjufjöll - Fyrri rannsóknarferðir til Öskju - Svartárkot - Ódáðahraun - Hraun - „Askjan" - Köld nótt - Íslensku hestarnir - Herðubreið - Vikurkeila - Hinir nýju gígir - Heimferðin.

Ég var ekki ugglaus þegar ég skildi við félaga mína á Lundarbrekku, því að enda þótt við hefðum ákveðið að hittast aftur við Mývatn, þá var ýmislegt það í óvissu um framtíðina, sem dró úr óblandinni tilhlökkun minni að fá að skoða nýjasta virka eldfjallið á Íslandi; þar við bættust erfiðleikar mínir á því að gera mig skiljanlegan við landsmenn, þeir gátu gert að engu árangurinn af ferð minni. Allmikið frost hafði verið um nóttina og fjöllin beggja megin Skjálfandafljóts voru hvít; þetta var vísbending til okkar um það, að tími útilegu væri senn á enda og ef við dveldum enn um sinn á þessum norðlægu breiddargráðum, gætum við átt á hættu að þurfa að hafa vetursetu á eynni, en slíkt höfðum við hingað til aðeins haft í flimtingum. Það hefðu vissulega orðið allt annað en þægileg endalok á ævintýri okkar, ef við hefðum setið fastir á Íslandi til vors. Ekki svo að skilja að við óttuðumst skort á gestrisni hjá landsmönnum, þeir höfðu alltaf sýnt okkur vinsemd, en við vantreystum getu okkar til að endurgjalda þeim gestrisnina. Ef til vill hefði atvik af þessu tagi getað vakið hjá okkur blundandi hæfileika í þessa átt, eða að minnsta kosti veitt okkur tækifæri til að læra íslensku á líkan hátt og þegar Dasent opnaði nýja æð þjóðsagna með víkingasögum sínum, eða á líkan hátt og ferðalangurinn C. G. W. Lock safnaði efni í bók sína *„The Home of the Eddas"*, sem hver einasti Íslandsfari ætti að lesa. En þegar alls var gætt, vorum við bundnir heimahögunum of mörgum böndum til þess að við vildum hætta á að teppast hér langan vetur, og við ákváðum því að halda okkur eins fast við áætlun okkar og unnt var.

Ferð mín til Öskju hafði ekki komið til orða fyrr en daginn eftir hina óvenju skjótu ferð okkar yfir Sprengisand, þegar við sáum fram á, að við mundum þurfa að halda kyrru fyrir í tvo eða þrjá daga til að hvíla hestana áður en við héldum áfram til Akureyrar, og félagar mínir höfðu ákveðið að nota tímann til silungsveiða í nágrenni Mývatns. Af því að ég er ekki mikið gefinn fyrir veiðiskap, en hafði á hinn bóginn lesið mikið um Öskju, kaus ég fremur að reyna að ganga í hana. Zoega var kallaður til ráðuneytis og taldi ekkert því til fyrirstöðu að ég færi. Hann frétti hjá

bændunum við Skjálfandafljót, að hinum megin árinnar byggi sá maður, sem fyrstur hefði gengið í Öskju, og maðurinn, sem fylgdi okkur yfir fljótið, kom okkur í samband við hann. Þannig atvikaðist það að ég kynntist Jóni í Víðikeri, og þar sem árangur ferðarinnar er mikið honum að þakka, kann lesendunum að leika forvitni á að kynnast honum nánar.



Ég verða að játa, að við fyrstu sýn var hann fremur óásjálegur, en kannski hefur það verið vegna þess að ég hafði ekki vanist íslenskum klæðnaði. Hann var í dökkum heimagerðum vaðmálsfötum, kauðalegum í sniði og buxurnar mikið bættar á hnjánum með allavega litum bótum, með svartan, barðastóran flókahatt og prjónaðan trefil um hálsinn. Hann var lágur vexti og þrekinn, andlitsdrættirnir reglulegir, bleikrauður á hár, augun blá, en yfirbragðið frekar fölt. Hann bar litlar tóbaksdósir úr málmi með spegli innan á lokinu og var sífellt að fá sér tuggu, sem hann tuggði af miklum ákafa. Enda þótt hann bæri þess merki í ytra útliti að hann væri lítt efnum búinn, var hann einarður í athöfnum, kurteis og vingjarnlegur. Við komumst fljótt að samkomulagi um þóknun fyrir þjónustu hans og leiðsögn og nauðsynlegan búnað, svo sem hesta og matvæli; að öðru leyti var farangur minn lítið topptjald, svefnpoki og teppi. Þegar allt var tilbúið, fórum við frá Lundarbrekku; fyrst fórum við sömu leið og við höfðum komið, eftir hægri bakka Skjálfandafljóts.

Eftir tveggja tíma reið námum við staðar við bæ og fórum af baki. Jón fór inn og bauð mér brátt að koma inn líka. Bóndinn, sem klæddur var í utanyfirskyrtu líka þeirri, sem tíðkaðist áður fyrr meðal sveitafólks á Englandi, var mágur Jóns. Konan hans, systir Jóns, ljóshærð og lágvaxin kona, bar okkur kaffi og kökur og kunni nógu mikið í ensku til að geta gert mér grein fyrir skyldleika sínum við fylgdarmann

minn. Samtalið, sem að mestu fór fyrir ofan garð og neðan hjá mér, snerist um fyrirhugaða ferð okkar til Öskju, og sýndu þau hjónin mikinn áhuga á ferðinni; minnst var á kompás, og tók ég þá upp kompásinn minn og reyndi að skýra fyrir þeim, að vegna áhrifa segulmagns jarðar vísaði nálin ekki beint í norður og munaði skekkjan nokkrum gráðum. En tilraunir mínar til að skýra þessa mikilvægu jarðfræðilegu staðreynd báru ekki árangur, eins og vænta mátti. Við höfðum ekki langa viðdvöl og vorum brátt komnir af stað aftur og lögðum nú að baki okkar dalinn, sem áin rann um.



Loks komum við að Víðikeri. Þessi bær var ólíkur flestum íslenskum bæjum að því leyti, að hann var allur undir einu þaki, en ekki með fjórum eða fimm burstum eins og algengast er. Í framendanum var gestaherbergið og skemma með moldargólfi, sem var í senn geymsla og smíðastofa. Þarna voru geymd amboð, reiðtygi og ýmislegt fleira. Utandyra, nærri beint á móti inngönginum, voru fest upp á staur tvö geysistór hreindýrshorn, sem kannski hafa fundist í mómýri. Fáein skref frá dyrunum rann tær lækur milli grasigróinna bakka, þar sem heimilisfólkið hafði nóg vatn handa sér og skepnunum. Innandyra var heldur fátæklegt. Furuborð, tveir eða þrír stólar, bollaskápur með glerhurðum, dragkista og rúm - þetta voru öll húsgögnin.

Upphitun var engin. En fjölskyldan notar sjaldan gestaherbergið, hún heldur til í lítilli, loftlausri stofu með þykkum torfveggjum og þaki, til varnar kuldanum, og þröngum göngum fram í bæinn. Íslendingar líkjast bjórnum í því, hvernig þeir laga sig eftir kringumstæðunum og nota sér þann efnivið, sem er við höndina. Timbur þarf að flytja inn frá Noregi og er þess vegna of dýrt til þess að geta verið aðalbyggingarefnið. En torfið er við höndina, og þegar það er vel þurrkað er það

ágætt byggingarefni. Með veggi og þak úr torfi er bústaður íslenska bóndans líkastur jarðholu eða greni, vel varinn gegn kulda og regni, en þröngur og óhollur.

En svo sterkum böndum er hann bundinn heimilinu, þar sem forfeður hans bjuggu á undan honum, ef til vill alveg aftur á tíma landnemanna, sem flýðu undan harðstjórn og kúgun, að mikið þyrfti til, svo að hann fengist til að yfirgefa það. Fáir innflytjendur hafa farið héðan til Vesturheims, og fréttum ber saman um það, að þeir, sem fóru vestur og settust að í hinum skandínavísku nýlendum, hafi flestir þjáðst af heimþrá, sumir hafi snúið heim aftur, og aðrir mundu ekkert fremur kjósa en fara að dæmi þeirra, ef þeir hefðu ráð á því.

Þau hjónin áttu fimm börn og Jón einn stálpaðan strák af fyrra hjónabandi. Konan hans, Jóhanna Katrín, var ljóshærð kona, um þrítugt, lagleg og björt yfirlitum og hraustleg í útliti. Hún bar þessa venjulegu íslensku húfu með skúf, sem hékk niður með öxl hennar, klædd í ullarpils og treyju líkt og skoskar konur. Þegar hún stóð við vinnu sína, hóf hún öðru hvoru upp hljómfagra rödd sína og söng þetta ljóð:

Þú stóðst á tindi Heklu hám
og horfðir yfir landið fríða,
þar sem um grænar grundir líða
skínandi ár að ægi blám;
en Loki bundinn beið í gjótum
bjargstuddum undir jökul-rótum.
Þótti þér ekki Ísland þá
yfirbragðsmikið til að sjá?

Þú reiðst um fagran fjalladal
á fáki vökrum götu slétta,
þar sem við búann brattra kletta
æðandi fossar eiga tal,
þar sem að una hátt í hlíðum
hjarðir á beit með lagði síðum.
Þótti þér ekki Ísland þá
íbúum sínum skemmtan ljá?

Thou stood'st on the peak of Hekla's height,
Fair were the lands that met thy sight,
Where through the verdant meadows glide
Glittering streams towards the ocean tide.
But Loki, fettered, bode in caves,
Bound in the rocks 'neath glacier waves.
O! seemed not Iceland then to thee
Grand in its features, fair to see?

Thou rod'st through mountain-dales so fair,
Smooth paths thy nimble steed found there;
Where Echo, child of mountain rocks,
Speaks in the cataract's wild shocks!
And happy on the heights, the sheep
With flowing fleece, their pastures reap.
O! seemed not Iceland then to thee
In joys to all its people, free?

Jón og Jóhanna Þorkelsson gerðu allt, sem þau gátu til þess að mér fyndist ég vera eins og heima hjá mér meðan ég dvaldi hjá þeim, því að vegna óhagstæðs veðurs var ég þar einum degi lengur en ég ætlaði mér. Þegar Jón vakti mig klukkan fimm morguninn eftir að við komum, var útlitið ekki gott. Snjór var yfir öllu, dimm þoka og slydda, og gekk á með vindhviðum, sem minntu mig á *buran* á steppum Rússlands. Útivinna féll niður og menn og dýr leituðu skjóls. Það hefði verið óhyggilegt að fara út í þessu veðri, en að klífa fjöll hefði verið óðs manns æði.

Ekki var annað að gera en bíða þolinmóður inni eftir því að storminn lægði. Nú er íslenskur sveitabær ekki beinlínis staður þar sem maður getur notið *dolce far niente,*[1] og áður en margar stundir voru liðnar var ég nærri farinn að öfunda gömlu konuna, sem var að mjólka ærnar og hefði feginn viljað mega hjálpa Jóni við að strokka smjör, ef ég hefði kunnað nógu mikið í íslensku til þess að geta látið í ljós þá ósk mína. Ég gat því ekki annað gert en dundað við að teikna eða gluggað í bækur mínar, en ein þeirra var samtalsorðabók, sem ég hafði keypt í Reykjavík, og með hjálp hennar tókst mér að skiptast á nokkrum orðum við gestgjafa mína, sem lögðu sig í líma við að hafa ofan af fyrir mér. Fríða litla dóttir þeirra klæddi sig í hátíða búning sinn með þessum sérkennilega hjálmi og hvítu slæðu, sem íslenskar konur nota við hátíðleg tækifæri, silfurbelti um mittið og flauelskraga um hálsinn; í þessu skarti stóð hún þolinmóð í meira en klukkutíma, meðan ég reyndi árangurslaust að teikna mynd af henni í vasabók mína. Um miðjan daginn borðuðum við ágætt steikt kindakjöt, skyr úr sauðamjólk og kaffi. En áður en þessi matur kom á borðið var dyrunum á gestaherberginu hrundið upp á gátt og einstaklega brosleg mannkind birtist í dyrunum. Þetta var maður um eða innan við þrítugt, lágur vexti og grannur, dökkhærður og dökkeygur og fölur yfirlitum. Hann var í brúnum frakka og með þykkan prjónaðan trefil margvafinn um hálsinn. Undir hendinni hélt hann á ljá, sem hann var bersýnilega kominn með til þess að hvetja á hverfisteini Jóns. Hann stóð nokkrar mínútur í dyrunum og horfði með undrunarsvip á mig; svo kom hann inn og heilsaði mér eins og við værum aldagamlir vinir. Hann settist niður og byrjaði strax að kenna mér íslensku, og af þeim fáu orðum, sem hann talaði í ensku, mátti ráða að hann teldi sig prófessor í þeirri tungu - en ekki var sá prófessor þveginn og strokinn; hendur hans og andlit var atað óhreinindum og ekki voru föt hans hreinni. En hann var svo glaðlegur og ánægður með hina fátæklegu enskukunnáttu sína, að ekki var hægt að reiðast

[1] Unaðar aðgerðaleysins.

framkomu hans. Eftir stutta stund stakk hann upp á því að við innsigluðum vináttu okkar með því að drekka úr sama bolla. Þessu hafnaði ég eindregið, en við vorum jafngóðir vinir þrátt fyrir það, og nokkru síðar fór hann.

Jafnvel lengstu dagar taka enda; áður en ég lagðist til svefns um kvöldið bjó ég mig undir að leggja af stað snemma morguninn eftir. Askja er í Dyngjufjöllum, en það er fjallaklasi, sem rís upp af eyðimörk þeirri, er nefnist Ódáðahraun[2] og er um það bil miðja vegu milli Mývatns og Vatnajökuls. Þau hafa til skamms tíma verið lítt kunn, enda þótt mörg önnur fjöll á Íslandi hafi verið rannsökuð, líklega vegna þess hve fjarri þau eru alfaraleið. Af aldri hinnar víðáttumiklu hraunbreiðu kringum Öskju má ráða, að hún hafi gosið fyrir mörgum öldum; því næst kom langt hlé; eldsumbrot urðu annars staðar á landinu, og til skamms tíma hafa rithöfundar og ferðamenn, sem til Íslands hafa komið, ekki gefið Öskju neinn gaum.[3] Árið 1875 varð feiknamikið gos í Öskju og fylgdu því miklir jarðskjálftar og öskufall, sem eyddi sex bæi og flæddi yfir stórt svæði. Mökkur frá gosinu sást greinilega frá Akureyri, 100 mílur í burtu, og eldblossar sáust á nóttunni í mikilli fjarlægð. Gosið byrjaði í janúar, en í febrúar fór Jón í Víðikeri með hóp manna til Öskju og fóru þeir upp á fjallið um skarð, sem kennt var við Jón og kallað „Jónsskarð". Það var fádæmaleg dirfskuför, því að það var ekki einungis að Jón þyrfti að rata um þessa veglausu auðu, heldur mátti hann búast við því á hverri stundu, að jörðin opnaðist undir fótum hans og gleypti hann, eða að glóandi aska og brennheitar gufur tortímdu leiðangursmönnum. En íbúar eldfjallalanda venjast þessum náttúrufyrirbærum. Þannig segir Humbolt frá því, að íbúum Lima finnist ekki meira til um jarðskjálfta en haglél; og nýskeð reisti Palmieri prófessor athuganastöð sína á gígbarmi Vesúvíusar.

Þegar Watts Vatnajökulsfari kom að norðurrönd jökulsins seint í júní 1875, sá hann fjallaklasa beint í norðri og stóð upp af tindum hans geysimikið svepplaga

---

[2] Sú missögn varð í erindinu, sem ég flutti í Landfræðifélaginu, að ég sagði að Askja væri á Mývatnsöræfum.

[3] Í stuttu yfirliti yfir eldgos og jarðskjálfta, er orðið hafa á Íslandi síðan sögur hófust *(Geological Magaziru,* 7. árg., 10. hefti, bls. ½58), eftir Þorvald Thoroddsen sem ég hafði þá ánægju að kynnast í Reykjavík, er ekki getið neinna eldgosa 1 Dyngjufjöllum fyrir 1875. En greint er frá tveim eldgosum í Trölladyngju á tólftu öld og þrem á fjórtándu öld. En Thoroddsen bætir því við, að ekki megi rugla Trölladyngju saman við samnefnt fjall norðan við Öskju, heldur muni hér vera átt við einn tindinn I Reykjanesfjallgarðinum. Samheiti á fjöllum á Ísandi valda oft ruglingi og hljóta að hafa torveldað mönnum mjög að átta sig á gömlum frásögnum. Án þess að ég vilji vefengja orð jafnágæts fræðimanns og Thoroddsens prófessors, leyfist mér kannski að benda á, að ártöl þau, sem tilfærð eru I fornum ritum um eldgos 1 Trölladyngju, virðast koma heim við aldur hraunsins umhverfis Öskju, að svo miklu leyti sem álykta má af útliti þess.

ský.[4] Þetta voru Dyngjufjöll, og síðan fór hann að Öskju, og ofan af tindunum sunnan hennar sá hann ofan í gígina.[5]) W. G. Lock, sem ég bar mig saman við, kom tvisvar að Öskju, 1878 og 1880, og hefur birt skýrslu um allt, sem hann sá.[6] Ef því eitthvað er nýtt í því, sem hér fer á eftir, er það vegna þess að einhverjar breytingar hafa orðið eftir að Lock var þar. Um rannsóknarferð Dana undir stjórn Johnstrups prófessors þarf ekki að segja annað en það, að hann skoðaði nýju gígina 1876 og gerði þær athuganir, sem sagt er ýtarlega frá í tímariti Landfræðifélagsins danska. Eftir að ég hef nú rakið lítillega sögu Öskju, að svo miklu leyti sem hún er kunn, held ég áfram með frásögn mína, en legg þó áherslu á, að ævintýri mín voru ekki á neinn hátt athyglisverð, og að ég sá aðeins og heyrði það, sem unnt var að sjá og heyra á þeim stutta tíma, er ég hafði til umráða.

Veðrið var engan veginn eindregið, þegar við lögðum af stað: þvert á móti, að því er mér, ókunnugum manninum, virtist, var ekkert, sem benti til að það mundi batna, nálægar hæðir voru enn huldar móðu og þoku. En fylgdarmaður minn var bersýnilega sannfærður um, að bregða mundi skjótt til hins betra, því að hann hafði hraðann á við undirbúning ferðarinnar, lagði á hestana, lagaði klyfjarnar og tróð heyi í tvo poka. Og þegar við höfðum drukkið bolla af súkkulaði, kvöddum við fólkið og riðum af stað. Rétt áður en við stigum á bak, rétti hinn þeldökki, hávaxni bóndi að mér þykka, hlýja belgvettlinga og sagði að það mundi verða kalt í Dyngjufjöllum.

Svartárkot, næsti bær við Öskju, stendur við Svartárvatn, víðkunnugt fyrir þá sérstöku tegund silungs, sem við höfðum kynnst á Þingvöllum, við sáum hann þar þegar verið var að fletja hann og hengja hann upp til þerris, en þannig er hann geymdur til vetrarins. Bóndinn hafði verið leiðsögumaður W. G. Locks á báðum ferðum hans til Öskju. Hann og menn hans voru inni, því að ekki var hægt að vera við heyskap vegna veðurs, en hey er eina uppskeran, sem fæst á Íslandi; korn nær ekki að þroskast þar, og er allt efni í brauð flutt inn, annað hvort sem heilt eða malað korn.

Við fórum frá Svartárkoti skömmu eftir klukkan 9 og riðum upp með Suðurá; nokkrar villiendur flugu upp undan okkur, en engar rjúpur. Gras óx meðfram ánni beggja megin, en því lengra sem við komum, þeim mun mjórri varð grasreinin,

---

[4] Berið þetta saman við lýsingu Pliníusar hins yngri í hinu kunna bréfi ham til Kornelíusar Tacítusar, þar sem hann líkir sama fyrirbrigðinu yfir Vesúvíusi við risafuru, sem í toppinn teygir út greinar sínar og myndar skuggasælt lim. - Humbolt, „Komios", I, 29..5. [Watts ritaði bók um för sina og hefur hún birst í íslenskri þýðingu: Norður yfir Vatnajökul. Reykjavík 1062.]

[5] „Joumal R. G. S.", 46. árg. bls. 5 o. áfr.

[6] „Proc. R. G. S." N.S., 3. bd. bls. 471 o. áfr. Sjá einnig bók eftir Lock. [Askja. Iceland's Lárgest Volcano. London 1881]

uns við komum að upptökum Suðurár, þar sem hún kemur undan hrauni og myndar nokkrar iður áður en hún tekur stefnu í norður. Þarna hefur verið reist steinvarða og frá henni héldum við í suðausturátt og riðum yfir Ódáðahraun, sem talið var að hefði verið hæli útilegumanna; en hvort það dregur nafn sitt af því eða af þeim eyði- og ömurleik, sem ríkir þar, veit ég ekki. Það væri fróðlegt að sjá útreikning, þó hann væri aðeins lauslegur, á því, hvert væri rúmtak þess hrauns, sem flætt hefur yfir Ísland í öllum þeim eldgosum, sem kunn eru. Það yrði engin smáræðistala, þegar þess er gætt, að hraunrennslið á Mývatnsöræfum 1875 þekur að því er talið er svæði, sem er 22 enskar mílur á lengd og allt að þrjár mílur á breidd.[7] Hraunflákar svo hekturum skiptir blasa alls staðar við augum. Ekki er til sú á, sem ekki sýnir á einhvern hátt merki um eldgos - Hvítá nærri Kalmanstungu rennur yfir sprungið hraun, og bakkar Þjórsár andspænis Heklu eru þaktir svörtum vikri, svo að tvö dæmi séu nefnd. Nærri Heklu hafa ár fyllst af gosefnum, fiskurinn drepist og hæð landsins breytst, og frá Lögbergi horfðum við niður í gjár hálfar af vatni, sem spegluðu í kyrrum fleti sínum marglita, mosagróna klettana beggja megin. Mörg hin nýrri hraun hafa vafalaust runnið yfir eldri hraun, og stundum hafa orðið jarðsig, en beitiland hlýtur að hafa minnkað stórlega síðan fyrstu norsku sæfararnir komu til landsins og skýrðu frá því, að þar drypi smjör af hverju strái. Fyrir tíu öldum var Ísland betur til búsetu fallið en nú og eftir aðrar tíu aldir verður það kannski orðið óbyggilegt og aðeins notað sem bækistöð fyrir fiskiskip eða veðurathuganastöð. En ég verð að biðja afsökunar á því að hafa skilið lesandann eftir í miðju Ódáðahrauni, sem ég reið yfir á fjórum tímum undir öruggri leiðsögn Jóns, uns við komum að keilu, sem stóð við rætur hálendis.

Það var byrjunin á Dyngjufjöllum og hér áðum við í nokkrar mínútur áður en við hófum reiðina inn í fjöllin. Þokan huldi enn öll fjöll og kennileiti og það grillti aðeins öðru hvoru í rauða sólkringluna gegnum móðuna; en það nægði okkur til þess að gefa okkur áttir. Ekki var hægt að segja að brattinn væri mikill - fjallgöngumenn mundu ekki hafa haft orð á því - en nýfallinn snjórinn var alldjúpur, svo að við fórum af baki og teymdum hestana. Tæpar tvær stundir voru liðnar síðan við byrjuðum ferðina upp og það var tekið að halla degi, þegar við sáum allt í einu ofan í Öskju, við höfðum ekki greint skarðið í þokunni. Við staðnæmdumst stutta stund og Jón vakti athygli mína á fjarlægum drunum, sem bárust frá gígnum. Við urðum að fikra okkur yfir úfið hraun á barmi „Öskjunnar", og þegar við fundum sléttan blett reistum við tjald okkar við mynni Jónsskarðs. Veður var orðið bjart og kyrrt en kalt, og ég lagði af stað gangandi í átt til gígsins, sem rauk úr í fjarska, en ætlaði mér að vera kominn aftur í tjaldstað fyrir myrkur. Þegar ég hafði gengið mílu, náði Jón mér og skýrði fyrir mér, hvílík fáviska það væri að ætla sér ofan í gíginn. Það var stórfengleg sjón að horfa á þetta mikla hringleikhús, 4½ mílu á lengd og 2 til 3 mílur á breidd, næstum barmafullt af hraungrýti í undarlegum hrærigraut, girt virkisgarði úr basalti, og upp úr þessum garði rísa hér og þar tindar


[7] .R. G. S. Proc." N.S. 3. bd., 12. hefti, bls. 741.

eins og varðmenn, sem gefa aðdáunarverða mynd af jarðmyndun Íslands. Basalttindarnir, sorfnir af veðri og vindum, eru frá því fyrir ísöld, en miklu yngra eldhraun þekur gólf hringleikahússins, þessar tvær bergmyndanir sameinast um að ljá sjónarsviðinu auðnarsvip, sem hvergi mun eiga sinn líka. Hvergi örlaði á kviku lífi. Hið eina, sem sást, voru klettar og snjór og í fjarska gufuslæður, sem stigu upp af gígnum og bar við bláan himininn. Ég lagðist til hvíldar, en kuldinn (–5° C) og hin sterku áhrif frá umhverfinu rændu mig svefni. Hestarnir okkar voru heftir, og þegar þeir höfðu étið heyskammtinn sinn, hoppuðu þeir af stað frá tjaldinu. Ég sá þá fara í halarófu og þefa í slóð sína eins og hunda, en af því að ég þóttist öruggur um að þeir mundu ekki fara langt svona á sig komnir, vakti ég ekki Jón, sem svaf eins vært og hann lægi á fiðursæng, en ekki á snjó með ekkert ofan á sér nema tóma heypoka og hnakk fyrir kodda. Ef ég hefði þekkt þessi dýr eins og ég þekki þau nú, mundi ég ekki hafa verið svona áhyggjulaus.[8] Í þetta skipti náðum við strokudýrunum eftir klukkutíma, og til þess að firra frekari vandræðum voru þeir bundnir saman tveir og tveir, beislið á öðrum í taglið á hinum.

Meðan Jón leitaði að hestunum, reyndi ég að sjóða vatn á sprittlampa; það var seinlegt verk, því að fyrst varð ég að bræða það mikið af snjó að nægði í te handa tveim köldum, svöngum mönnum. Þegar við höfðum sötrað teið og borðað kalt kindakjöt með smjöri, lögðum við af stað gangandi til gíganna, en þangað var ein dönsk míla. Á leiðinni námum við staðar til að dást að Herðubreið, hinni miklu, þverhníptu fjallhettu, sem rís ein sér og tignarleg upp af flatneskjunni í ANA frá Öskju. Sagt er að hún sé ókleif, enda þótt Ameríkumaður, sem við hittum í Reykjavík, segist hafa klifið hana og birst hafi skemmtileg lýsing á þeirri ferð hans í *„New York Tribune"*. *Okkur* miðaði vel áfram, því að nýfallinn snjórinn jafnaði úfið hraunið, og klukkan rúmlega átta stóðum við hjá vikurgígnum, keilu sem myndast hafði í síðasta gosi og virtist vera öll úr vikri. Við gengum suður fyrir hana og lögðumst svo niður og horfðum fram af brúninni niður í djúpið fyrir neðan. Þar var stór, hringmyndaður pollur og sauð ákaft í honum. Allt í einu og fyrirvaralaust gaus upp 200 feta há vatns- og gufusúla og fylgdi mikil sprenging, en hjaðnaði svo jafnskyndilega. Snarbrött hlíð, um *500* fet á lengd, lá niður að stóru vatni, sem vafalaust hefur myndast úr frárennsli frá gígnum meðan á gosinu stóð. En hver svo sem uppruni vatnsins hefur verið, þá var það, þegar ég sá það, mikið stöðuvatn,

[8] Við fórum með þrjá hesta með okkur heim; þegar einum þeirra, sem gegndi nafninu „Hekla", var sleppt út á engi með öðrum íslenskum hesti, sem Sir H. Peek átti, sparkaði hann í hann svo að hann fótbrotnaði. Jarpi gæðingurinn minn, sem hét „Askja"', hlaut góða vist hjá vinum mínum í Kent, en undir eins og hann hafði jafnað sig eftir sjóferðina, tók að bera á árásarhneigð hjá honum. Dag nokkurn réðst hann á kind og hratt henni um koll; í annað skipti elti hann kýr og á eftir fannst ein þeirra skjálfandi á beinunum undir tré. Eftir þetta tiltæki var „Askja"' sett í sérstaka girðingu. Þrír menn voru fengnir til að ná honum, og áður en þeim tókst það hafði hann stokkið yfir girðingu og inn í garð. Til allrar hamingju var garðyrkjumaður staddur þar, og tókst honum að koma í veg fyrir að hann traðkaði í blómabeðin. Þessi lágvaxna skepna kastaði af sér eiganda sínum og tveim öðrum mönnum, sem reyndu að ríða honum. „Askja" er nú hafður í húsi, og mér er sagt, að hve vandlega sem hann er bundinn takist honum alltaf að losa sig á nóttunni og koman í kassann, sem heyið ham er geymt í - korni lítur hann ekki við.

um fjórar mílur í ummál, djúpt jafnvel upp við bakkana og fagurtært. Ég mældi hitann í því og reyndist hann vera aðeins hærri en lofthitinn í skugganum, eða um 12°C. En vegna þess að mælirinn minn var ekki sjálfritandi og mælingar Johnstrups og seinna W. G. Locks sýndu miklu meiri hita, vil ég ekki fullyrða að mínar mælingar hafi verið réttar. Við stóðum á sendinni ströndinni og horfðum yfir vatnið; hinum megin reis þverhníptur klettaveggur, sem speglaðist í kyrrum vatnsfletinum. Við vatnið rétt hjá okkur var djúpt gil, sem tók við rennsli frá efri gígnum. Það virtist í fyrstu óyfirstíganlegur farartálmi fyrir okkur og við vorum að því komnir að snúa frá, þegar ég kom auga á sprungu í leirkenndri skorpunni um fet á breidd og gat ég skriðið niður í hana. Þarna var jörðin volg, og heit gufa streymdi út úr sprunguveggjunum, sem minnti mig á rússneskt gufubað. Ég leit við til að vita hvort Jón kæmi á eftir mér, og ég sá hann renna hratt niður og koma niður á fæturna í botninum; svo hjálpaði hann mér upp á bakkann hinum megin, en eins og ég var skæddur, í háum reiðstígvélum, hefði ég aldrei komist upp á tindinn án hjálpar hans.



Þegar við vorum komnir yfir gilið, gátum við gengið rakleitt upp bratta brekku að nýju gígunum, en staðnæmdumst þó við og við til að taka sýnishorn af hrafntinnu, kvartsi og vikursteini. Lítið var eftir af hrafntinnunni, því að vegna þunga síns hefur hún sokkið í sandinn. Af kvartsi fundum við einnig lítið, og vikursteinninn, sem er ljós og með silkigljáa, hefur mest allur molnað. Við komum brátt að fyrsta nýja gígnum og horfðum af barmi hans niður í kraumandi ketil fullan af gufu, sem öðru hvoru gaus með hávaða út úr veggjunum. Þegar gufan sveimaði frá, sáum við að á botni ketilsins var vatn og var ókyrrð á yfirborði þess. Næsti gígur, sem var ofar í gilinu, var enn furðulegri að sjá; hávaðinn í honum var meiri, og út úr veggjunum streymdu marglitar gufur, gular, grænar og ljósrauðar. Lengra fórum við ekki. Fylgdarmaður minn hafði reist þarna vörðu til minningar um komu sína 1875, og

prikið, sem hann hafði grafið á fangamark sitt, J. Þ., og stungið í vörðuna, molnaði þegar við tókum það upp. Við fikruðum okkur sömu leið til baka og komum loks að vikurgígnum, en áður en við lögðum til uppgöngu á keiluna, sem við höfðum átt svo greiða leið niður af, settumst við niður og skiptum með okkur leifunum af köldu kindakjöti, sherryflösku og lögg af brennivíni, sem við höfðum svo oft yljað okkur á áður með því að láta það drjúpa í snjó. Enn einu sinni stóðum við á hæð og horfðum yfir auðnina; hávaðinn og hamagangurinn í gígnum var að baki, en fram undan var Öskjuhraunið umlukt veðruðum basalttindum.